Fundargerð 25.06.2026

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

Fundarboðandi:	Agnes Helga Martin	*Fundarstaður:*	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra J. Jónasdóttir	*Dagsetning:*	25. júní 2026
Fundarritari:	Agnes Helga Martin	*Fundartími:*	12:30 – 14:30

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands, DÍS), fjarverandi Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ). Starfsmaður MAST: Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Dagskrá

1. **Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:**

   a. **Titill umsóknar**: Sannreyning og þróun á aðferð til blóðvökvatöku (plasmapheresis) úr íslenskum hrossum.

   Tilgangur tilraunar: Þróa og meta nýja aðferð til blóðvökvaskiljunar (plasmapheresis) í íslenskum hrossum. Markmiðið er að þróa og staðfesta öruggari og skilvirkari aðferð til söfnunar blóðvökva úr hrossum sem gæti aukið velferð dýra og bætt nýtingu þeirra í líftæknilegum tilgangi.

   Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Meirihluti fagráðs veitir jákvæða umsögn, með þeim skilyrðum að storkuþættir séu mældir og fjöldi blóðtaka liggi skýrt fyrir. Fulltrúi DÍS hafnar umsókninni á þeim grundvelli að siðferðilegur ávinningur rannsóknarinnar sé ekki nægilega rökstuddur**.** Sérbókun DÍS: Fulltrúi DÍS telur að siðferðilegur ávinningur rannsóknarinnar sé ekki nægilega rökstuddur þar sem ekki er sýnt fram á að rannsóknin leiði til beins ávinnings fyrir lífsgæði fólks eða dýra. Umsóknin er með áherslu á þróun framleiðsluaðferðar en ekki á skýran samfélags- eða heilbrigðislegan ávinning.

   b. **Titill umsóknar**: (e.) MinTag: whale satellite tagging.

   Tilgangur tilraunar: Áframhaldandi þróun og notkun nýrrar gervihnattasendamerkingar (MinTag) á hvölum í íslenskri lögsögu. Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um farleiðir, búsvæði, atferli og möguleg æxlunarsvæði hvala með langtímagögnum úr gervihnattasendum. Sérstök áhersla er á hrefnu og langreyði, en einnig kunna að verða merktir steypireyðir, grindhvalir, hnúfubakar og andarnefjur.

   Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn en óskar eftir frekari upplýsingum um hvaða merki eru notuð hverju sinni og hvort þau valdi sýkingu eða skaða á dýrunum áður en leyfið er veitt.

   c. **Titill umsóknar**: (e) Baseline Study of Atlantic Salmon (Salmo salar) Migration Velocity in the Þjórsá River: Evaluating Pre-Construction Movement Patterns via Radio Telemetry

   Tilgangur tilraunar: Að afla grunnviðmiða um gönguhraða og hegðun lax í Þjórsá fyrir framkvæmdir við Hvammsvirkjun og meta síðar áhrif mannvirkja á farleiðir laxfiska.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Athugasemdir gerðar við skráningu ábyrgðarmanns tilraunar og að tilgreint hafi verið að dýralæknir væri ekki á staðnum við framkvæmd rannsóknarinnar – afgreiðslu frestað.

d. **Titill umsóknar**: Áhrif valinna stökkbreytinga í Mitf geni á sjónskynjun, heyrn, útlit augnbotna, æðakerfi augans, nýæðamyndun og sjálfsát í litþekju

Tilgangur tilraunar. Að rannsaka hlutverk MITF umritunarþáttar í sjálfsáti (autophagy) litþekjufrumna augans, áhrif Mitf-stökkbreytinga á sjónhimnu, heyrn, æðakerfi augans og nýæðamyndun, og mögulega þýðingu þessara ferla fyrir sjúkdóma á borð við aldurstengda hrörnun í augnbotnum (AMD), Stargardt sjúkdóm og retinitis pigmentosa.

Ekki gafst tími til að fara yfir umsóknina – frestað til næsta fundar.

2. **Önnur mál**

a. Engin önnur mál tekin fyrir

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:35. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður haldinn 28. ágúst 2026 kl. 10.00.